Borgað Kr. 7.50 Afsalsbréf No 2085. Juli 16

Fyrir hönd past. emer. séra Jakobs Benidikts sonar á Hallfreðarstöðum eptir skriflegu umboði útgefnu 2. júním. 1892 gjöri jeg undirritaður Björn Jónsson prestur á Miklabæ í Blönduhlíð hér með kunnugt, að séra Jakob hefir selt, eins og hann hér með selur og afhendir frá sér og erfingjum sínum eignarjörð sína Víðimýri í Skagafjarðarsýslu 50.3 hdr. að nýju mati, ásamt kirkju á staðnum og þeim ítökum, er henni bera aðlögum, og máldagar votta, svo og hjáleiguna Ytrigerði 10 hdr. að dýrleika eptir sama mati báðar með 5 kúgildum, sömuleiðis kirkjujörðina Kirkjuhól í Skagafirði 8.5 hdr. að dýrleika að nýja mati með einu ásauðarkúgildi ásamt þeim húsum, sem jörðum þessa fylgja herra óðalsbónda Þorvaldi Arasyni á Víðimýri, samkvæmt þar um gjörðum kaupsamningi og undirrituðum í vitundarvotta viðurvist á Víðimýri 5. júní 1896. Hið umsamda kaupverð var: 10100 Kr tíu þúsund og eitt hundrað krónur. Og með því að herra Þorvaldur hefir nú að fullu greitt þessar 10100 Kr tíu þúsund og eitt hundrað krónur, svo að séra Jakobi ánægir, þá er framanskrifuð jarðeign upp frá þessum degi fullkomin og átölulaus eign Þorvaldar frá séra Jakobs hálfu og hans erfingja.

Þessu til staðfestu er nafn mitt undirritað

Miklabæ 26. febr. 1898

Björn Jónsson

Vitundarvottar

Sigurjón Sumarliðason

Gísli Gíslason

Fyrirfram innritað í kaupgjaldsbók Skagafjarðarsýslu

30. júli 1898.

Gjald í landsjóð: 6 - sex krónur.
E. Br.

Eggert Briem.

Þinglesið á manntalsþingi að Stóruseilu 23. maí 1899.

Eggert Briem